

## 3. gr.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Vatnsleysustrandarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 12/1969, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 15. janúar 1975.*

F. h. r.

**Jón Ingimarsson.**

*Dórunn Klemenzdóttir.*

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð fyrir Vatnsveitu Keflavíkur  
nr. 16 frá 22. janúar 1971.**

## 1. gr.

8. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Af öllum húsum í lögsagnarumdæmi Keflavíkur, sem svo er ástatt um sem segir í 7. gr. reglugerðar þessarar, skal greiða vatnsskatt 0.30% af fasteignamatsverði húss og lóðar samkv. lögum um fasteignamat og fasteignaskráningu nr. 28 frá 29. apríl 1963, þó aldrei lægra en kr. 2 000.00 af hverri íbúð.

Tengigjald skal vera kr. 10 000.00 fyrir hús með einni íbúð en kr. 2 500.00 að auki fyrir hverja íbúð í húsi umfram eina.

Tengigjaldið skal greiðast um leið og byggingarleyfisgjaldið.

## 2. gr.

10. gr. reglugerðarinnar orðist svo: Aukavatnsskatt skv. 9. gr. skal innheimta samkvæmt mæli eða áætlun vatnsveitunnar með kr. 4.00 fyrir hvern teningsmetra.

## 3. gr.

11. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Vatnsveitan lætur mönnum í té löggilta vatnsmæla og er ársleigan fyrir hvern mæli kr. 1 500.00.

## 4. gr.

19. gr. reglugerðarinnar orðist svo:

Brot gegn reglugerð þessari varða allt að 100 000.00 kr. sektum, nema þyngri refsing liggji við að lögum. Mál út af brotum á reglugerð þessari skal farið með að hætti opinberra mála.

## 5. gr.

Gjalddagi vatnsskatts skal vera sá sami og annarra fasteignagjalda.

Reglugerðarbreyting þessi, sem samin er og samþykkt af bæjarstjórn Keflavíkur, staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Gjalddagi vatnsskatts á árinu 1975 skal vera 15. febrúar.

*Félagsmálaráðuneytið, 17. janúar 1975.*

F. h. r.

**Hallgrímur Dalberg.**

*Guðmundur Karl Jónsson.*